



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom - 15.febrúar 2022 kl. 18:00

Mætt: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Aðalsteinn Símonarson (AS), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Árni Gunnlaugsson (ÁG)

Fjarverandi: Einar Gunnlaugsson (EG), Fylkir Jónsson (FJ), Aron Steinn Guðmundsson (ASG)

HKS ritaði fundargerð.

1. Lög AKÍS

Stjórn fór yfir lög sambandsins og unnið var að lagabreytingum sem verða lagðar fram á næsta ársþingi sem verður haldið laugardaginn 19. mars.

2. Framtíðarsýn AKÍS

Umræður fóru fram um að fela nýrri stjórn að skipa vinnuhóp sem myndi vinna að tillögum að breytingu sem yrðu lagðar fyrir formannafund og séu samþykktar á ársþingi 2023.

3. Afreksstefna AKÍS

Afreksstefna AKÍS var rædd. Formaður lagði til að stofnuð verði afreksnefnd sem fer í að vinna í endurbættari afreksstefnu og byrja að vinna að aðgerðaáætlun. Stefnt verði að því að leggja endurbætta afreksstefnu fram á ársþingi 2023.

4. Brautarúttekir

Farið verður í að búa til vinnuferill sem snýr að brautarúttektum á keppnissvæðum. HVH lagði sérstaka áherslu á að ef slíku ferli verði komið á sé tryggt að það skuli ganga yfir allar keppnisgreinar.

5. Önnur mál

Reglugerðir: Stjórn hefur gert smávægilegar breytingar á reglugerð um keppnishald og reglugerð um regluráð. Þær verða birtar á heimasíðu AKÍS á næstunni.

Framboð til stjórnar: Formaður lætur stjórn vita að framboðsfrestur sé til 27. febrúar.

Næsti fundur 1. mars á Zoom kl. 19:30

Fundi slitið kl. 19:15